

1.fundur ársins 2022 er haldinn í hreppsnefnd Árneshrepps, miðvikudaginn 9.febrúar kl. 14:00.

Mætt eru til fjarfundar Arinbjörn Bernharðsson Norðurfirði, Úlfar Eyjólfsson Krossnesi, Björn G. Torfason Melum 1, Bjarnheiður J.Fossdal Melum 1 og Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpavík. Einnig er mættur til fjarfundar Aðalsteinn Óskarsson hjá Fjórðungssamb. Vestfirðinga.

Oddviti ritar fundargerð.

Dagskrá fundarins;

1. Fjarfundur með Aðalsteini Óskarssyni hjá Fjórðungssamb.Vestfirðinga, varðandi innviði sveitarfélagsins.
2. Bréf frá Lögreglunni á Vestfjörðum varðandi sameiginlega almannavarnanefnd, lagt fram til samþykktar.
3. Tölvupóstur frá forsætisráðuneyti varðandi tekjur af þjóðlendum!
4. Bréf frá skipulagsfulltrúa varðandi umsögn um endurskoðun á Aðalskipulagi Strandabyggðar.
5. Fyrirspurn um rekaréttindi í Kolbeinsvík og fleira.
6. Bréf varðandi aukningu hlutfjár til Verzunarfjelags Árneshrepps.
7. Umsóknir um leigu á íbúð í Kaupfélagshúsi.
8. Fjarfundir, framlenging á leyfi til fjarfunda. Drög að samþykkt.
9. Endurskoðun samninga um embætti skipulags- og byggingargulltrúa.
10. Bréf sem varðar hnitsetningu jarða – farið yfir málið sem varðar landamerki Ingólfsfjarðar, Eyrar og Ófeigsfjarðar.
11. Bráðabirgðaleyfi frá Vegagerðinni v. lagningar ljósleiðara frá Djúpavík að Skarðagili.
12. Ný skipan og framtíð barnaverndanefnda – tölvupóstur frá Húnaþingi vestra.
13. Úthlutun byggðakvóta til Árneshrepps.
14. Bréf frá ritstjórn Strandapóstsins, beiðni um styrktarlínu.

1.Fjarfundur með Aðalsteini Óskarssyni sem boðaði til fundarins. Ýmislegt var rætt undir þessum lið og eru fundarpunktur teknir saman af Aðalsteini og fylgja hér með fundargerð hreppsnefndar.

2.Bréf frá Lögreglunni á Vestfjörðum varðandi sameiginlega almannavarnanefnd lagt fram til samþykktar. Hreppsnefnd samþykkti samhljóða að vera með í sameiginlegri almannavarnanefnd fyrir alla Vestfirði.

3.Tölvupóstur frá forsætisráðuneyti varðandi tekjur af þjóðlendum. Þjóðlendum aðrar en hluti Drangajökuls fyrirfinnast ekki í Árneshreppi og mun oddviti senda svör til ráðuneytisins

samkvæmt því.

261.

4.Bréf frá skipulagsfulltrúa varðandi umsögn um endurskoðun á aðalskipulagi Strandabyggðar. Hreppsnefnd hafði engar athugasemdir varðandi málið og því voru ekki sendar neinar athugasemdir.

5.Fyrirspurn um rekaréttindi í Kolbeinsvík og fleira. Ákveðið var að ekki yrði skipt um leigutaka þar sem hann óskar að halda áfram að nýta rekann eins og hingað til. Hreppsnefnd telur einnig rétt að taka fram að Kolbeinsvík er ekki til sölu.

6.Bréf varðandi aukningu hlutfjár til Verzlunarfjelds Árneshrepps. Hreppsnefnd lýsir yfir ánægju sinni með að Verzlunarfjeldið ætli að auka hlutfé sitt. Hreppsnefnd ákvað enn fremur að styðja áfram við reksturinn á sama hátt og gert hefur verið, með því að leggja fram húsnæði verslunarinnar og einnig íbúð fyrir starfsmann. Nú fara fram miklar umbætur á húsnæði verslunarinnar á kostnað sveitarfélagsins.

7.Umsóknir um leigu á íbúð í Kaupfélagshúsi. Fyrir lágu 3 umsóknir um að fá íbúð nr. 2 leigða. Meirihluti hreppsnefndar ákvað að leigja íbúðina einum af íbúum sveitarfélagsins sem hefur með vorinu ekki í nein hús að vanda en kys að búa í sveitarfélaginu allt árið. Leigusamningur sem innifelur þriggja mánaða fyrirframgreiðslu verður undirritaður fljótlega.

8.Fjarfundir, framlenging á leyfi til fjarfunda. Drög að samþykkt sem gerð voru í samráði við stjórnarsýslufulltrúa Kpmg ehf var rædd og síðan samþykkt óbreytt og er svo hljóðandi;

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Árneshrepps nr. 1320/2018.

1. gr.

8. gr. samþykktarinnar og verður svohljóðandi:

Hreppsnefnd Árneshrepps heldur fundi á skrifstofu sveitarfélagsins í annari viku hvers mánaðar.

Hreppsnefndarfundi er heimilt að halda með rafrænum hætti þannig að hluti hreppsnefndarmanna eða allir taki þátt með rafrænum hætti.

Aukafundi skal halda þegar oddviti telur það nauðsynlegt eða ef þriðjungur hreppsnefndarmanna óskar þess.

Hreppsnefnd er heimilt að fella niður reglulegan fund sinn, enda sé tillaga um slíkt samþykkt mótatkvæðalaust á næsta fundi hreppsnefndar á undan.

Hreppsnefnd er heimilt að fella niður reglulega fundi hreppsnefndar vegna sumarleyfis.

Hreppsnefndarmanni er heimilt að taka þátt með rafrænum hætti í fundum hreppsnefndar

og nefnda og ráða á vegum sveitarfélagsins. Þegar hreppsnefndarmaður tekur þátt í fundi með rafrænum hætti skal hann vera staddur í sveitarfélaginu eða í erindagjörðum innan lands á vegum sveitarfélagsins. Að öðrum kosti skal varamaður boðaður á viðkomandi fund. Tryggja skal jafna möguleika allra fundarmanna til þátttöku á fundi og í atkvæðagreiðslu, óskerta möguleika þeirra til að fylgjast með því sem þar fer fram og öryggi samskipta milli fundarmanna.

Fulltrúar í nefndum sveitarfélagsins hafa sömu heimildir og hreppsnefndarmenn skv. 1. mgr.

262.

Um framkvæmd fjarfunda að öðru leyti gildir auglýsing um leiðbeiningar um fjarfundi sveitarstjórna og leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

2. gr.

Samþykkt þessi sem hreppsnefnd Árneshrepps hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

9. Endurskoðun samninga um embætti skipulags- og byggingarfulltrúa. Ákveðið var að bíða með afgreiðslu til að afla meiri upplýsinga.

10. Bréf sem varðar hnitsetningu jarða – farið yfir málið sem varðar landamerki Ingólfsfjarðar, Eyrar og Ófeigsfjarðar. Hreppsnefnd fór yfir bréf og fyrirliggjandi yfirlitskort á landamerkjalinunni sem send voru frá Landlínum, en var sammála um að þau væru ekki nógu skýr og fá þyrfti skýrari kort til skoðunar.

11. Bráðabirgðaleyfi frá Vegagerðinni v. lagningar ljósleiðara frá Djúpavík að Skarðagili. Undirritaður hefur verið bráðabirgðasamningur á milli Árneshrepps og Vegagerðarinnar varðandi næsta áfanga við lagningu ljósleiðara frá Djúpavík og meðfram veginum út í Skarðagil, þar sem strengurinn mun síðan fara yfir Skörð á leið sinni norður sveitina.

12. Ný skipan og framtíð barnaverndarnefnda – tölvupóstur frá Húnaþingi vestra. Fylgst er með málum varðandi breytta tilhögun barnaverndarnefnda og mun Árneshreppur verða í samfloti með öðrum sveitarfélögum á Ströndum, þ.e. Strandabyggð og Kaldrananeshreppi.

13. Úthlutun byggðakvóta til Árneshrepps. Hreppsnefnd/oddvita hefur ekki tekist að fá byggðakvótann stækkaðan og er það mjög miður. Oddviti mun þó senda inn bréf til ráðuneytisins varðandi niðurfellingu á vinnsluskyldu og jafnframt láta vita af óánægju sjómanna og hreppsnefndar varðandi ósveigjanleika kerfisins.

14. Bréf frá ritstjórn Strandapóstisins, beiðni um styrktarlínu. Ákveðið var að kaupa styrktarlínu til styrktar vinnu við að gera Strandapóstinn aðgengilegan á vefnum Timarit.is. Hreppsnefnd lýsir

yfir ánægju sinni með þetta verkefni.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.16:00.